

Eimskips mót 2015

10-11.júlí 2015
Siglingasamband Íslands
Keppt verður á Faxaflóa við Akranes

Tilkynning um keppni

1. Reglur

Keppt verður samkvæmt:

- a. Kappsiglingareglum ISAF
- b. Kappsiglingafyrirmælum SÍL
- c. Kappsiglingafyrirmælum mótsins

2. Auglýsingar

- a. Auglýsingar verða leyfðar samkvæmt ISAF reglugerð 20 um auglýsingar
- b. Auglýsingar sem keppnishaldari útvegar kann að þurfa að sýna á bátum eða búnaði

3. Þátttökuréttur

Rétt til þátttöku hafa fullgildir félagar í siglingafélögum samkvæmt móta- og keppendareglum SÍL. Stefnt er að keppni í eftirfarandi flokkum:

- a. Optimist
- b. Laser Standard
- c. Laser Radial
- d. Topper Topaz
- e. Opnum flokki samkvæmt forgjöf frá SÍL

Verði þátttakendur í einhverjum flokki færri en fimm verður sá flokkur hluti af opnum flokki.

4. Skráning

Skráningar berist til keppnisstjórnar fyrir kl. 17:00 fimmtudaginn 9. júlí með tölvupósti á sil@silспорт.is
Taka þarf fram nöfn keppenda, seglanúmer, bátstegund og félag sem keppt er fyrir.
Þó er hægt að skrá allt fram að skipstjórafundi, en þá hækkar þáttökugjald.

5. Þáttökugjald

Þáttökugjald er innifalið í æfingabúðagjaldi

Fyrir þá sem eingöngum koma til keppni er þáttökugjald á hvern keppanda er kr. 1500.

Gjaldið hækkar í kr. 2.000 ef skráning berst eftir 17:00 þann 9.júlí

Gjald greiðist á reikning: **0701 26 25025** Kt: **450274-0899** eða við afhendingu keppnisfyrirmæla.

6. Tímaáætlun

10. júlí:

Afhending kappsiglingafyrirmæla frá kl. 10:00 – 12:00
Skipstjórafundur og úskýringar á keppnisgöngum
Þátttakendur setja upp braut og stjórna fyrstu umferðum
Viðvörðunarmerki fyrir fyrstu keppni kl. 1330

11.júlí:

Skipstjórafundur kl. 9:00
Viðvörðunarmerki fyrir fyrstu keppni kl. 11:00
Ekki verður ræst eftir kl. 16:00

7. Kappsiglingafyrirmæli

Siglingafyrirmæli verða afhent fyrir skipstjórafund og verða birt á tilkynningartöflu á mótsstað daginn áður.

8. Keppnissvæði

Keppt verður við Akranes fyrir utan Langasand

Skipstjórnarfundur fer fram í Fristundamiðstöðinni Þorpinu – Þjóðbraut 13 Akranesi

9. Keppnisbraut

Keppnisbraut verður annað hvort beiting- lens-beiting braut eða þríhyrningsbraut. Brautum verður nánar lýst í kappsiglingafyrirmælum.

10. Stigakerfi

Notað verður lágstigakerfi samkvæmt viðauka A í Alþjóða-kappsiglingareglunum.

Ef kepptar verða þrjár eða færri umferðir, reiknast allar til stiga, annars kastar hver keppandi sinni lökustu keppni. Í keppni um Eimskipabikarinn telja aðeins 3 efstu sæti í hverjum flokki. Efsta sæti gefur 3 stig annað sæti 2 stig og þriðja sætið 1 stig. Það félag sem er með hæstan samanlagðann stigafjölda hlýtur Eimskipabikarinn.

11. Verðlaun

Veitt verða verðlaun fyrir þrjú fyrstu sætin í hverjum flokki.

Einnig verða verðlaun veitt því siglingafélagi sem fær flest verðlaun í öllum flokkum.

12. Verðlaunaafhending

Verðlaunaafhending fer fram í félagsheimili strax og úrslit verða ljós að lokinni síðustu umferð mótsins.

13. Ábyrgð

Allir sem taka þátt í mótinu gera það á eigin ábyrgð. Sjá reglu 4, ákvörðun um að keppa. Keppnisstjórn ásamt öllum þeim sem taka þátt í framkvæmd mótsins firra sig allri ábyrgð gagnvart tjóni sem kann að verða vegna þátttöku í mótinu.

14. Frekari upplýsingar

Frekari upplýsingar fást hjá Siglingasambandi Íslands með tölvupósti á sil@silsport.is.